

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hluta úr landi Miðhúsa í Egilsstaðahreppi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Halldóri Sigurðssyni ábúanda hluta úr landi Miðhúsa í Egilsstaðahreppi fyrir það verð, sem um semst eða verður ákveðið samkvæmt mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 15. apríl 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um heimild fyrir ríkissjóð til lóðakaupa í Hveragerðishreppi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkissjóði er heimilt að kaupa lóðir og landspildur í Hveragerði, meðal annars með makaskiptum á lóðum, þar sem þannig stendur á, að óhagstæð landamörk valda erfiðleikum við framkvæmd skipulags þorpsins og nýtingu lóða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. apríl 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.